

SKÝRSLA

um

vatnsmagn og rennsli
Fossavatns, Ísafirði.

SKILAGUIN 42
fremur

Úrkomusvæði F.v. er $2,5 \text{ km}^2$. Lægsti hluti svæðisins er í 300 m hæð, en sá hæsti í 800.

Úrkoma í meðalári ætti að gefa um eða yfir 3 millj. m^3 vatns, svo að hægur vandi er (af þeim sökum) að fylla 800 þús. m^3 vatnsgeymi meðan vor- og sumarleysing stendur yfir.

Á Vestfjörðum eru leysingar til fjalla fremur fátíðar að vetrinum, þótt engin verðráttá sé þar algengari en slydda og rigning með ströndum fram með 2° til 3° hita.

Á tímabilinu 15. nóv. til 16. apríl má gera ráð fyrir leysingu á úrkomusv. Fossav., sem gæfi $0,5 \text{ millj. m}^3$ aukningu við vatnsforðan, svo að vatnsgeymirinn gæfi alls $1,2 \text{ millj. m}^3$ á nefndu tímabili. Meðalrennsli til Fossav. á tímabilinu 15/11 - 16/4 ætti ekki að vera undir 20 l/sek, þótt frá sé taldar vatnsgusur, sem hlákur valda. Vatnsmagnið yrði þá alls um $1,5 \text{ millj. m}^3$.

Nú í vetur reiknar Jón Gestsson út rennslið úr Fossavatni, svo að um n.k. mánaðarmót má vænta aukinna þekkinga á Fossavatni.

Í vetur (í janúar) var allt undir gaddi við Fossavatn og ekkert hægt að átta sig á leka úr vatninu.

S.l. sumar var mikill leki úr vatninu, aðallega um stífluna. Hinn leki staður fannst með Kaliumpermanganati. Það gerðu Magnús Reynir Jónsson, verkfr. og Jón Gestsson, rafveitustj.

Reykjavík, 16/4 1952,

S.Rist (sign)

Greinagerð J.G. hefur borizt með bréfi 12. þ.m. Það er tveim vandkvæðum bundið að reikna út vatnsmagnið úr Fossavatni eftir greinagerðinni.

Í fyrsta lagi hefur framhjärennslíð ekki verið mælt og í öðru lagi bér þeim J.G. og Sig.Thoróðssen verkfr. ekki saman um, hver sé núverandi/^{möguleg}vatnshæð í lóni.

Sigurður telur nýttan vatnshæðarmun frá 343,2 til 349,5 m, en J.G. telur hann aftur á móti frá 342,4 til 347,5 (staðfest með sím-tali).

Út frá greinagerð J.G., sem nær yfir 13 vetrartímabil nóv.-apr. má draga eftirfarandi ályktanir:

- Á 7 miðlunartímabilum hefur vatn runnið framhá
- Á 2 " sennilega einnig framhá
- Á 4 " virðist ekkert vatn hafa tapast.

Hvað vatnsmagnið er mikið á þeim tímabilum, sem framhjärennslí hefur átt sér stað, verður ekki sagt með vissu, en það mun vera um og yfir 2 millj. m³.

Vatnsmagnið síðustu þrjá veturna hefur verið nokkru minna eða undir 1,5 millj. m³. Meðalrennslið þá vetur 25-30 l/sek pr km².

Upplýsingar J.G. virðast staðfesta það, sem sagt er hér áður að vatnsmagnið alls sé um 1,5 millj. m³.

Reykjavík 23/5 '52

Sigurjón Rist.
(sign)